

Flugráði og samgönguráðuneytinu skal gefin skrifleg skýrsla um allar slíkar sendiferðir.

13. gr.

Um risnu flugráðs fer eftir því, sem ráðið ákveður hverju sinni.

14. gr.

Flugráð skal í starfi sínu hafa sem nánast og best samstarf við íslensk flugfélög um öll mál, er þau varða, og gefa trúnaðarmönnum þeirra kost á að tjá sig um og fylgjast með meðferð þeirra mála, er ætla má að flugfélög telji snerta hagsmuni sína að verulegu leyti eða óska eftir að fylgjast með.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi starfsreglur fyrir flugráð, nr. 102 30. ágúst 1955.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. júní 1976.

Nr. 236.

REGLUGERÐ

um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

I. KAFLI

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu sveitar- og sýslufélaga eða atvinnufyrirtækja þessara aðila með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til borgar-, bæjar- eða sveitarstjóra.

2. gr.

Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna, sem reglugerð þessi tekur til, skal fara eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og kjarasamningum, er gerðir eru samkvæmt henni. Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.

3. gr.

Sveitarstjórnir og sýslunefndir fara með fyrirsvor síns sveitarfélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína.

Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi.

4. gr.

Einstök félög innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd viðurkennir, fara með allan samningsrétt og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna skv. reglugerð þessari. Stjórnir einstakra félaga eða til þess kjörnar nefndir fara með fyrirsvor þeirra um gerð samninga. Félögin

skulu tilkynna sveitarstjórn eða sýslunefnd hverjir skipi samninganefnd eigi síðar en við uppsögn samninga. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fer á sama hátt með fyrirsvar þeirra starfsmanna sveitar- og sýslufélaga, sem aðild eiga að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en ekki eiga aðild að einstökum félögum bandalagsins.

5. gr.

Starfsmaður, sem reglugerð þessi tekur til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra félaga samkv. 4. gr. eftir nánari samþykktum félaganna. Starfsmaður samkvæmt þessari reglugerð má eigi vera félagi eða aðili að félagi annarra viðurkenndra heildarsamtaka.

6. gr.

Starfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt þessari reglugerð eða lögum nr. 46/1973, skal greiða gjald til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags, er hann ætti að tilheyra, sem er jafnt og það gjald, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan heildarsamtaka.

II. KAFLI

7. gr.

Í aðalkjarasamningi skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, þar með taldar vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og annað, sem aðiljar verða sammála um.

Í sérkjarasamningi skal kveðið á um röðun manna og starfsheita í launaflokka, svo og þau kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

8. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Þeir skulu gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára miðað við mánaðamót.

9. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérkjarasamninga. Sérkjarasamningum verður ekki sagt upp sérstaklega.

Uppsögn skal vera skrifleg eða sendi í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

10. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

11. gr.

Í samþykktum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skal ákveðið, hver taki ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, boðun verkfalls og hvernig ákvörðun þar um skuli tekin.

12. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja sín um kröfugerð og megintillögur um nýjan aðalkjarasamning og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Begar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests, skal aðili, sem sagt hefur upp kjarasamningi, senda gagnaðilja sínum megintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga.

13. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðilja.

14. gr.

Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst.

15. gr.

Hafi samningar ekki tekist á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests, skal sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum taka deilu um aðalkjarasamning til meðferðar og leita um sættir. Heimilt er hvorum aðilja að vísa kjaradeilu fyrr til sáttasemjara.

Sáttasemjari skal kveðja tvo menn með sér til að vinna að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

Sáttanefnd getur kvatt menn til starfa í umboði sínu til að vinna að lausn einstakrar deilu og til að hafa umsjón með atkvæðagreiðslum og þess háttar.

16. gr.

Unnið skal að gerð sérkjarasamninga jafnhliða því sem unnið er að gerð aðalkjarasamnings.

Ef gerð sérkjarasamninga er ekki lokið innan 45 daga frá undirritun aðalkjarasamnings, samþykkt sáttatillögu eða miðlunartillögu, skal kjaranefnd skv. 29. gr. taka deilu til meðferðar. Skal nefndin úrskurða um ágreiningsefni innan 45 daga. Gildir úrskurður hennar sem samningur sama tíma og aðalkjarasamningur.

17. gr.

Aðiljar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum þeim, sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera heildarsamtök eða einstök félög því aðeins ábyrgð, að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, styrktarsjóðum, orlofssjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa.

III. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna, er hlutaðeigandi félagi starfsmanna, sbr. 1. og 4. gr., heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í reglugerð þessari.

19. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

20. gr.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans,
2. ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi,
3. ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 24. gr.,
4. til stuðnings aðilja í annarri kjaradeilu.

21. gr.

Hafi verkfall verið boðað, skal sáttanefnd, sbr. 2. mgr. 15. gr., leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamninga a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðilja áður en hún leggur fram sáttatillögu.

Sáttanefnd ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttað, þar á meðal um fjölda kjörstaða, og hvenær hún skuli fram fara.

Hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða formaður sýslunefndar greiða atkvæði fyrir hönd sveitar- og sýslufélaga.

Hver starfsmaður sveitar- eða sýslufélags innan félags, sem á í kjaradeilu, hefur atkvæðisrétt. Leggja skal fram kjörskrá áður en atkvæðagreiðsla hefst. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og standa í minnst 2 daga. Sáttanefnd eða fulltrúum hennar er heimilt að vera á kjörfundum.

22. gr.

Pegar sáttatillaga samkvæmt 21. gr. hefur verið lögð fram, getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðilja áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

23. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn send sáttanefnd.

Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttanefndar og er hvorum aðilja heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talningu.

24. gr.

Sáttatillaga telst felld, ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði, sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Sáttatillaga, sem hefur verið samþykkt, telst gildur aðalkjarasamningur frá þeim degi, er atkvæðagreiðsla fór fram og næstu 24 mánuði, sbr. 8. gr.

25. gr.

Nú er vinnustöðvun hafin og sáttatillraunir sáttanefndar hafa ekki borið árangur og er henni þá rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðilja áður en hún leggur fram miðlunartillögu.

Um atkvæðagreiðslur um miðlunartillögu gilda ákvæði 21., 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

IV. KAFLI

26. gr.

Þótt löglegt verkfall sé hafið, er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjara-
deilunefnd, sem skipuð er skv. ákvæðum 27. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í
verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna
meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi, sem gerður verður
að loknu verkfalli.

V. KAFLI

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar, er starfsmönnum þeim, sem um er rætt
í 1. mgr. 1. gr. og skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

1. Borgar- og bæjarlögsmönnum, borgar- og bæjarriturum, borgar- og bæjarverk-
fræðingum, skrifstofustjórum borgarstjórnar og forstöðumönnum launadeilda.
2. Forstöðumönnum stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og stað-
englum þeirra.
3. Öðrum þeim, sem gegna störfum, sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra
manna, sem getið er í 1.—2. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða oddviti sýslu-
nefndar birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1. mgr.
Rísi mál um, hvort maður falli undir ákvæði 1. mgr., skal það mál lagt fyrir Félags-
dóm, sem sker úr því til fullnustu.

28. gr.

Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem eru félagar í hlutaðeigandi félagi og
um ræðir í 27. gr., skal samið af samninganefnd félagsins. Hafi samningar eigi
tekist innan 45 daga frá gerð aðalkjarasamnings, skal leggja deiluna fyrir Kjara-
nefnd, sem úrskurðar endanlega um hana.

VI. KAFLI

29. gr.

Kjaranefnd, sem skipuð er skv. 30. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Benda-
lags starfsmanna ríkis og bæja, sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um
þessi atriði:

1. Röðun manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði í sérkjarasamningi,
sbr. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr.
2. Deilum sem rísa kunna á samningstímabili um skipan manna í launaflokka og
önnur kjaraatriði, sem um er fjallað í sérkjarasamningi.
3. Laun og starfskjör þeirra manna, sem um ræðir í 27. gr., sbr. 28. gr.
4. Kjör þeirra, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en ekki í
einstöku aðildarfélagi bandalagsins.

Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaranefnd, þegar fjallað er
um þau mál, sem um ræðir í 1.—3. tl.

30. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni sín skriflega fyrir Kjaranefnd, lýsa því, sem
þeir eru sammála um og setja fram sjónarmið sín og rökstyðja.

31. gr.

Kjaranefnd aflar sér sjálf nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, þar með töldum embættismönnum.

Kjaranefnd getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og til ráðuneytis um úrlausn mála.

VII. KAFLI.**32. gr.**

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðilja um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 27. gr.

33. gr.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál, nefnir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og fjármálaráðherra dómara til setu í dómnum í stað þeirra, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan sambanda sinna og svo starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur og sóknaræild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI**34. gr.**

Ákvæði í ráðningasamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

35. gr.

Nú er sett á fót ný stofnun hjá sveitar- eða sýslufélagi og skal þá ákveða kjör hennar með samkomulagi milli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar og þess viðurkennda starfsmannafélags, sem í hlut á.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðilja skal Kjaranefnd skera úr deilunni. Sama gildir, ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir sveitar- eða sýslufélags.

36. gr.

Óski stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hlutaðeigandi sveitarstjórnir og sýslunefndir, er félagsmálaráðherra heimilt að lengja fresti samkvæmt 16. og 28. gr. þessarar reglugerðar.

37. gr.

Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum einstakra félaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar til að fjalla um ágreiningsmál, sem upp koma. Verði samkomulag í samstarfsnefnd um atriði, skal það bindandi fyrir báða aðilja.

XI. KAFLI**38. gr.**

Á hverjum vinnustað þar sem a. m. k. fimm menn vinna er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja

ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

39. gr.

Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðiljum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram. Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m. a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið. Einnig skal veita honum aðgang að síma og aðra nauðsynlega fyrirgreiðslu.

40. gr.

Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um það ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og um það hverjir sækja um starfann.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

42. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 41. gr. laga nr. 29/1976 öðlast gildi 1. júlí 1977 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði II. kafla reglugerðar þessarar svo og ákvæði VI. kafla skulu gilda um þá sérkjarasamninga, sem gerðir verða í framhaldi af aðalkjarasamningum 1976, eftir því sem við á, svo og ákvæði VII. kafla. Ef gerð sérkjarasamninga á árinu 1976 verður ekki lokið fyrir 1. júlí, skal Kjaranefnd samkvæmt II. kafla taka deilu til meðferðar og ljúka úrskurði um ágreiningsefni fyrir 1. ágúst og gildir úrskurður hennar sem samningur frá og með 1. júlí 1976.

Heimilt er að segja upp aðalkjarasamningi 1976 með þeim fyrirvara, er um getur í 9. gr. reglugerðarinnar miðað við 1. júlí 1977. Skal um aðdraganda þeirrar samningagerðar, verkfallsboðanir o. fl. farið samkvæmt þessari reglugerð eftir því sem við á.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 237.

9. júní 1976.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur á því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl. til iðnaðar.

11. Fast gjald	kr. F1
Orkugjald	— 31.40 á kWst
12. Fast gjald	— F1+F2
Orkugjald	— 15.00 á kWst

2. Notkun til heimilisþarfa.

21. Fast gjald	— F1+F3
Orkugjald	— 9.00 á kWst

3. Vélanotkun.

31. Fast gjald	— F1+F2
Orkugjald	— 18.00 á kWst
Lágmarksgjald	— $48 \times F1$ á ári
32. Aflgjald lágmark 3 kW	— 39 534.00 á ári
Aflgjald frá 3—5 kW	— 13 178.00 á kW á ári
Fast gjald	— F1+F3
Orkugjald	— 4.39 á kWst
33. Aflgjald umfram 5 kW	— 11 180.00 kW á ári
Fast gjald	— F1+F3
Orkugjald	— 3.55 á kWst
34. Til súgburrrkunar.	
Fast gjald	— F1
Orkugjald	— 4.42 á kWst

4. Húshitun.

41. Fast gjald	— F1+F4
Orkugjald	— 3.91 á kWst
Róftími allt að 1 klst á dag.	
42. Fast gjald	— F1+F4
Orkugjald	— 2.40 á kWst
Róftími allt að 3 klst á dag.	